



### Framlenging á sumargötum á Laugavegi milli Frakkastígs og Klapparstígs ásamt Vatnsstíg milli Laugavegs og Hverfisgötu.

Lagt er til að Skipulags og samgönguráð samþykki að eftirfarandi götur verði tímabundnar göngugötur frá 1. október 2020 – 1. maí 2021:

- Laugavegur milli Klapparstígs og Frakkastígs
- Vatnsstígur milli Laugavegs og Hverfisgötu

Almenn umferð og bifreiðastöður verði óheimilar. Akstur vegna vöruafgreiðslu verði heimilaður milli klukkan 7 og 11 virka daga og milli klukkan 8 og 11 á laugardögum. Aðgengi íbúa/starfssemi með bílastæði inni á lóð við göturnar verði tryggt. Tímabundnar göngugötur verði merktar með viðeigandi merkjum í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.



Mynd 1 Göturnar sem lagt er til að verði göngugötur eru merktar með gulu.

#### Greinagerð:

Göngugötur á svæðinu í sumar hafa gengið vel og mikið líf hefur skapast á svæðinu. Í undirbúningi er deiliskipulag á varanlegri göngugötu á svæðinu í samræmi við samþykkt skipulags- og samgönguráðs þann 27.maí 2020. Þessi hluti götunnar telst til annars áfanga göngugötunnar Laugavegs en sú áfangaskipting var kynnt í Skipulags og samgönguráði þann 3ja apríl 2019 og er í samræmi við tillögu um göngugötur sem samþykkt var í borgarstjórn 4.september 2018.

Tillagan hefur verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

*Edda Ívarsdóttir*

---

Edda Ívarsdóttir

Borgarhönnuður

